

**Athugasemdir íbúaráðs Kjalarness dags. 10. nóvember 2022 vegna bréfs starfshóps um greiningu á tækifærum til haftengdrar upplifunar og útivistar fyrir almenning í Reykjavík dags. 12. október 2022**

*Íbúaráð Kjalarnes vill koma á framfæri eftirfarandi hugmyndum um tækifæri til haftengdrar upplifunar eftir samtal við íbúa.*

Á Kjalarnesi eru næg tækifæri til haftengdrar upplifunar.

Ein hugmynd meðal íbúa er aðstaða fyrir smábáta, sportbáta og þess háttar svo hægt væri að sigla frá Kjalarnesi. Þetta gæti til dæmis falist í flotbryggju til þess að hægt sé að nota sjóstöng eða stunda aðrar sjóíþróttir eins og kajak sem dæmi. Svona bryggju mætti taka í gagnið á vormánuðum og draga í land yfir vetrarmánuði. Gott aðgengi fengist fyrir neðan Fólkvang. Bæta aðstöðu til sjávarbaða til dæmis með fataklefum. Setja heitan pott í fjöruna og fótalaug. Hægt væri að prófa rekstur skiptiklefa fyrir sjósund í takt við almenningssalerni með sjálfsafgreiðsluklefa.

Einnig væri hægt að leggja stíga meðfram strandlengjunni fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarendur. Við teljum mikilvægt að öll umferð vélknúinna ökutækja utan vegar sé takmörkuð. Meðfram stígum eru tækifæri til setja upp veðurpolin fræðsluskilti um fuglalíf og lífverur í fjörunni, jafnvel um liðna tíð eins Kjalnesingasögu og fornminjar ásamt fræðslu um bergtegundir og örnefni kennileita. Mikilvægt væri að tefja ágang sjávar á strandbakka með ýmsum leiðum öðrum en hlöðnum grjótgörðum sem hindra aðgang að fjörunni. Gott væri að setja litlar göngubrýr yfir Jörfalæk og Vallárlæk til að auðvelda aðgengi.